

# Skipting ellilífeyrisréttinda

Þriðjudaginn 26. febrúar 2019

Þórey S. Þórðardóttir, hrl.  
framkvæmdastjóri





## 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997



- 1. tölul. Greiðsluskipting
- 2. tölul. Réttindaskipting
- 3. tölul. Iðgjald - framtíðarréttindi



# Maki – 3. mgr. 16. gr. l. 129/1997

„Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélaga, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.“



# Skipting ellilífeyrisréttinda



- Tekur aðeins til ellilífeyris
  - Örorku- og makalífeyrir óbreyttur
- Gagnkvæm og jöfn skipting
  - Allt að helmingur
- Áunnið á hjúskapartíma eða í óvígðri sambúð



# Greiðsluskipting – 1. tölul.



- Ekki sjálfstæður réttur - greiðslur falla niður við andlát sjóðfélaga
- Falli maki frá renna greiðslur óskertar til sjóðfélaga að nýju
- Skattlagt hjá viðtakanda



# Réttindaskipting – 2. tölul.



- Fyrir 65 ára aldur
- Sjúkdómar eða heilsufar dragi ekki úr lífslíkum
- Sjálfstæður réttur
- „Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans“



## Iðgjald – framtíðarréttindi – 3. tl.



- Myndar sjálfstæð framtíðarréttindi
- Getur haft áhrif á lífeyrisskuldbindingar ef greitt er í jafna réttindaávinnslu
- Fellur niður þegar iðgjaldaskylda þess eldri fellur niður vegna aldurs



## 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997



„Rétthafa skv. 1. mgr. er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign nema með samkomulagi skv. 1.–3. tölul. 3. mgr. 14. gr. Ekki verður gerð aðför í réttindum samkvæmt slíkum samningi og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða réttindin á nokkurn hátt.“

- Hvaða gildi hefur erfðaskrá ef maki og börn eru til staðar?





- Framreikninguréttur á örorkulífeyri skiptist að því marki sem hann myndar ellilífeyrisrétt á því tímabili sem samningur tekur yfir



# Er heimilt að afturkalla samning?



- Greiðsluskipting – aðilar geta afturkallað
- Framtíðarréttindi – einhliða
- Þegar áunnið – þarf sameiginlega beiðni og samþykki viðkomandi sjóða. Skilyrði að heilsa dragi ekki úr lífslíkum (sömu skilyrði og við gerð samnings)



# Á að gera samning?



- Kann að vera varhugavert fyrir sjóðfélaga sem eiga umtalsverð réttindi í hlutfallssjóði
- Tekur aðeins til ellilífeyris
- Því mikilvægt að gera sér grein fyrir makalífeyrisréttindum
- Á að skipta helming eða minna?



# Hverjir gera samning?



- Ekki hugsað sérstaklega sem skilnaðarúrræði
- Frjálsir samningar aðila
- Ekki samningskylda



# Verðmæti sem geta fallið utan skipta



## 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993:

„Réttindi í opinberum lífeyrissjóðum eða einkalífeyrissjóðum, svo og krafa til lífeyris eða líftryggingarfjár sem hefur ekki endurkaupsvirði samkvæmt kröfu annars makans eða þeirra sameiginlega.“

## 2. másl. 2. mgr. 102. gr. laga nr. 31/1993:

„Nú þykir ósanngjarnt gagnvart hinum makanum að verðmætum eða réttindum skv. 2., 3. eða 4. tölul. sé haldið utan skipta og er þá heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum.“



# Dómar Hæstaréttar

- Hrd. 18. des. 2001, mál nr. 253/2001:
  - Ekki ósanngjarnt
- Hrd. 26. apríl 2002, mál nr. 170/2002:
  - Talið ósanngjarnt
- Hrd. 10. október 2002, mál nr. 445/2002:
  - Talið ósanngjarnt
- Hrd. 27. ágúst 2007, mál nr. 369/2007:
  - Ekki ósanngjarnt - kaupmáli
- Hrd. 29. janúar 2009, mál nr. 255/2008
  - Talið ósanngjarnt
- Hrd. 17. september 2012, mál nr. 568/2012:
  - Ekki sýnt fram á að væri ósanngjarnt
- Hrd. 28. maí 2014, mál nr. 348/2014
  - Ekki sýnt fram á verðmætin í samtryggingu en séreign skipt
- Hrd. 3. maí 2016, mál nr. 195/2016
  - Ósanngjart að skipta séreign skv. helmingaskiptareglu

# Verkferill



LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA



# Verkferill



- Umsækjendur nálgast eyðublöð hjá lífeyrissjóði
- Viðkomandi lífeyrissjóður leiðbeinir við samningsgerðina, almennt sá sjóður sem greitt er til
  - Gögn:
    - Útfylltur samningur
    - Vottorð frá Þjóðskrá sem staðfestir hjúskap/sambúð á því tímabili sem samningur tekur yfir (hjúskaparsöguvottorð)
    - Læknisvottorð (aðeins ef skipta á áunnum réttindum)
- Starfsmenn sjóðsins fara yfir samning og gögn






# Hlutverk trúnaðarlæknis



- Trúnaðarlæknir metur hvort heimild sé til skiptingar út frá vottorðum og sendir yfirlýsingu til sjóðsins
- **Ekki heimild til skiptingar:** Lífeyrissjóður tilkynnir samningsaðilum að skipting sé ekki heimil (hér ber að gæta að andmælarétti)
- **Heimild til skiptingar:** Lífeyrissjóður sendir gögnin til LL sem framsendir á viðkomandi sjóði



- Lífeyrissjóður sendir öll gögn í gegnum Signet- transfer: samning, hjúskaparsöguvottorð og yfirlýsingu frá trúnaðarlækni. (Læknisvottorð eru geymd hjá viðkomandi lífeyrissjóði).
- LL senda gögn áfram til viðkomandi sjóða.
- Lífeyrissjóðir tilkynna samningsaðilum þegar málið er afgreitt.





# Unnið er að endurskoðun



- Vinnuhópur á vegum LL er að yfirfara samningseyðublað og allt verkferli
  - Verður sent til rýni á sjóðina á næstu dögum
- Stefnt er að því að LL hafi ekki aðkomu að afgreiðslu samninga
- Nú er hætt á að aðilar séu ekki upplýstir um samninga þegar skipt er um vinnu!



**TAKK FYRIR KOMUNA!**

